

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 11. janúar 2016 kl. 12-13.

Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímisdóttir, Ársæll Guðmundsson, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir.

Fundarstaður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Umræðuefni

- Fagráðsfundur
- Lokaskýrslan
- Fundur með ráðherra og stöðuskýrsla

Fagráðsfundur

Viðfangsefni fagráðsfundarins verður fyrst og fremst lokaskýrslan. Þar verður einnig greint frá fundi með ráðherra sem verður á morgun og lagt fyrir fagráðið hvað verður lögð áhersla á í samræðum við Illuga.

Næsti fundur verður 19. febrúar og síðan er ekki búið að fastsetja tíma til að afhenda skýrsluna.

Fundur með ráðherra

Rætt um hvaða atriði ætti að leggja áhersla á á fundi með ráðherra:

- Fagráð verði áfram til – viðfangsefnum þess lýkur aldrei og ný koma fram. Mjög sterkt að aðilar fagráðsins geti staðið að stefnu og fylgt henni eftir. Hagsmunir fara jafnan saman.
- Litið verði á kennaramenntun sem heildstæða og starfsævilanga. Vísað er til vinnuhóps um kennaramenntun og greinargerðar hans.
- Stoðkerfi. Vísað er til vinnuhóps um kennaramenntun og greinargerðar hans, en einnig umræðu sem átt hefur sér stað í vinnuhópum og víðar.
- Fjármál. Tillögur fagráðsins munu kosta. Mikilvægt er að forgangsraða og einblína ekki um of á núverandi skipan.

Ekki komu fram athugasemdir við stöðuskýrslu sem send var til stýrihópsins í síðustu viku. Hún verður send til ráðherra í dag.

Lokaskýrsla

Rætt var um vinnulag: Sólrún heldur utan um skjalið sjálft og það sem því fylgir. Stýrihópurinn myndar ritnefnd. Fagráð geti fylgst með þróun skjalsins á vinnusvæði á vefnum.

Farið var aðeins yfir uppbyggingu skýrslunnar og efni hennar, en frekari umræða bíður fagráðsfundar eftir hádegi.

Önnur mál

Sólrún mun nota doodle til að finna fundartíma stýrihóps í næstu viku. Vænlegt er að hafa fundi í hópnum u.þ.b. vikulega núna.

Sólrún Harðardóttir tók punkta